

Stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ár 2018, mánudaginn 26. febrúar, 2018 var haldinn 170. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 15.45. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Haraldur L. Haraldsson. Ólafur Kristinsson frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkur sat einnig fundinn, sem og Hallur Símonarson, ritari nefndarinnar og innri endurskoðandi SHS. Árni Claessen og Svava Ólafsdóttir frá KPMG sátu fundinn undir lið 1. Jafnframt sátu fundinn Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, Þorsteinn Karlsson, fjármálastjóri SHS, og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri SHS. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur SHS 2017

Árni Claessen frá KPMG fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings SHS 2017. Ólafur Kristinsson frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkur fór yfir störf nefndarinnar vegna ársins 2017.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Bréf endurskoðunarnefndar; Ársreikningar A hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu 2017, dags. 20. febrúar 2018.
- Skýrsla endurskoðunarnefndar; Um störf endurskoðunarnefndar og ársreikning 2017, dags. 19. febrúar 2018.

Afgreiðsla: Ársreikningur SHS 2017 samþykktur og undirritaður.

2. Innri endurskoðunaráætlun SHS 2018-2019

Hallur Símonarson, innri endurskoðandi SHS, kynnti áætlun vegna innri endurskoðunar SHS fyrir árin 2018 og 2019. Endurnýjað samkomulag við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar um innri endurskoðun SHS á árunum 2018 og 2019 lagt fram til samþykktar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Innri endurskoðunaráætlun – Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. 2018-2019, dags. 26. janúar 2018.
- Umsögn endurskoðunarnefndar um innri endurskoðunaráætlun 2018-2019, dags. 19. febrúar 2018.
- Samkomulag – innri endurskoðun SHS 2018-2019, dags. 26. febrúar 2018.

Afgreiðsla: Stjórn staðfestir innri endurskoðunaráætlun SHS 2018-2019. Endurnýjað samkomulag við Innri endurskoðun Reykjavíkur um innri endurskoðun SHS 2018-2019 samþykkt og undirritað.

3. Nýr ytri endurskoðandi SHS

Ráðning endurskoðunarfélagsins Grant Thornton sem ytri endurskoðanda SHS borin undir stjórn.

Eftirfarandi lagt fram:

- Sameiginlegt útboð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar, dags. 24. janúar 2018.

Afgreiðsla: Stjórn SHS samþykkir ráðningu Grant Thornton sem ytri endurskoðanda SHS fyrir rekstrarárin 2018-2022.

4. Önnur mál

4.1 Farið var yfir útkallafjölda SHS í vatnsveðrum undanfarna daga.

4.2 Stjórn óskar eftir upplýsingum um meðferð mála er varðar áreitni og einelti innan slökkviliðsins, þ.m.t. þá ferla sem unnið er eftir.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 21. mars.

Fundi slitið klukkan 17.00

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson
Gunnar Einarsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur L. Haraldsson

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings SHS 2017, dags. 22. febrúar 2018.
- Bréf endurskoðunarnefndar; Ársreikningar A hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu 2017, dags. 20. febrúar 2018.
- Skýrsla endurskoðunarnefndar; Um störf endurskoðunarnefndar og ársreikning 2017, dags. 19. febrúar 2018.
- Innri endurskoðunaráætlun – Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. 2018-2019, dags. 26. janúar 2018.
- Umsögn endurskoðunarnefndar um innri endurskoðunaráætlun 2018-2019, dags. 19. febrúar 2018.
- Samkomulag – innri endurskoðun SHS 2018-2019, dags. 26. febrúar 2018.
- Sameiginlegt útböð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar, dags. 24. janúar 2018.